



370. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í starfsmannahúsi þjóðgarðsins á Þingvöllum þann 18. júní 2010 að lokinni skoðunarferð um Hakið, Valhallarreit og köfunaraðstöðu við Silfru. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Árni Johnsen, Oddný Harðardóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. **Ásýnd og ástand þjóðgarðsins.** Þjóðgarðsvörður lagði fram verkefnalista um ýmis ólokin verk innan þjóðgarðsins sem flest eru viðhaldsverk m.a. við stíga og girðingar. Nefndin telur brýnt að vinna heildarskipulag að þjóðgarðinum og er stefnt að því að hefja vinnu við gerð þess með haustinu með hugmyndasamkeppni eða hugmyndaleit. Mikilvægt er að aðskilja umferð gangandi og ríðandi vegfaranda og bílaumferð. Tryggja þarf að aðgengismál séu í lagi og að land þjóðgarðsins sé opið öllum.

2. **Lóðarleiga og byggingamál.**

Þjóðgarðsvörður og Lilja Jónsdóttir vinna að því að ljúka tillögu að nýjum lóðarleigusamningum og byggingarskilmálum fyrir Þingvallanefnd en stefnt er að því að sú vinna verði langt á veg komin í ágúst.

Valhallarstígur syðri nr. 8. Eigandi Laugar ehf. Móttekin var til umsagnar frá byggingarfulltrúa Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps umsókn lóðarleiguhafa að Vallhallarstíg syðri nr. 8 – breyttar teikningar, en Þingvallanefnd hafði óskað eftir frekari upplýsingum. Svör hafa nú borist. Með vísan til þess að einungis er um minni háttar breytingu að ræða og þeirrar afstöðu skipulags- og bygginganefndar dags. 20.4.2010 að húsið muni verða minna áberandi í landinu, þak lækka og ásýnd húss verða lágstemmdari en áður hafði verið samþykkt, er breytingin samþykkt af hálfu Þingvallanefndar með þeim fyrirvara, að ekki eru heimilaðar frekari steypuframkvæmdir innan þjóðgarðsins, a.m.k. að svo stöddu, en unnið er að gerð nýrra lóðarleigusamninga og byggingarskilmála innan þjóðgarðsins.

Samþykkt.

Valhallarstígur nyðri nr. 9. Eigendur Friðrik H. Karlsson og Þorbjörg H. Vigfúsdóttir óska eftir leyfi til að byggja við sumarhús sitt, gera endurbætur á eldri hluta hússins ásamt því að setja niður heitan pott á lóðina og pall. Skipulags og byggingarfulltrúi óskar eftir umsögn Þingvallanefndar með bréfi dags. 7.4.2010. Samþykkt að fresta afgreiðslu uns grenndarkynningu skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags og byggingarlaga er lokið með vísan til samkomulags við Bláskógabyggð um að erindi verði ekki send til Þingvallanefndar fyrr en eftir að afstaða sveitarfélagsins liggur fyrir um hvort umsókn uppfylli skilyrði laga, reglugerða og fyrirbyggjandi byggingarskilmála.

Frestað.

3. **80 ára afmæli þjóðgarðsins.** Þann 26. júní 2010 verður þjóðgarðurinn á Þingvöllum 80 ára. Þjóðgarðsverði og formanni falið að útfæra framkomnar hugmyndir um hvernig þess verði best minnst. Í tengslum við þessi tímamót er þjóðgarðsverði falið að undirbúa opna hugmynda-

samkeppni að framtíðarnýtingu þjóðgarðsins á Þingvöllum. Enn fremur samþykkt að hefja með haustinu undirbúning að tilnefningu þjóðgarðsins sem náttúruminja á heimsminjaskrá UNESCO. Skilgreina þarf ávinning þjóðgarðsins og kostnað af slíkri tilnefningu og hafa gott samráð við íbúa á svæðinu um þær fyrirætlanir.

- 4. Kárastaðir.** Fyrrum ábúendur á Kárastöðum hafa boðið ríkinu til eignar og viðeigandi notkunar gamla íbúðarhúsið að Kárastöðum sem reist var árið 1925. Í kjölfarið var árið 2008 lögð fyrir nefndina áætlun þar sem fram kom að kosta myndi 30,5 m. kr. að loka og verja gamla bæinn frekari skemmdum. Ákveðið var að nefndarmenn fengju færi á því að skoða gamla bæinn og leita leiða til að taka við gjöfinni, en efnahagsforsendur hafa breyst verulega síðan Þingvallanefnd barst boðið. Ritara falið að tilkynna ábúendum á Kárastöðum um fyrirhugaðar skoðunarferðir nefndarmanna í kringum bæinn.

Frestað.

- 5. Tryggingabætur fyrir Valhöll.** Þingvallanefnd áréttar að hótél- og veitingarekstur í Valhöll var mikilvægur hluti af innviðum þjóðgarðsins sem rýrnuðu verulega við brunann. Nefndin telur brýnt að brunabætur fyrir húsið nýtist í myndarlega uppbyggingu innan þjóðgarðsins og hefur falið Lilju Jónasdóttur lögmanni að annast málið af sinni hálfu í samvinnu við Pál Þórhallsson lögfræðing hjá Forsætisráðuneytinu. Þjóðgarðurinn er tryggingataki, ríkið eigandi.

- 6. Fjárlagatillögur og sjálfsaflafé, fjármál þjóðgarðsins.** Frestað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.